

mönnum borið, að hann hafi haft lítils háttar ölvunareinkenni.

Engin deili eru kunn á sjóliðum þeim, sem í bifreiðinni R 5674 voru í greint sinn, hvorki nöfn þeirra né heimili.

Hörður Ólafsson hefur við yfirheyrslu í sakadóminum viðurkennt vinnuþynglu fyrir og vináhrif við gagnsetningu, sem hann framkvæmdi á vél bifreiðarinnar R 5674 skömmu fyrir handtöku sína í greint sinn, en hann neitar því að hafa ekið bifreiðinni þá. Var hann með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík sviptur ökuleyfi til bráðabirgða hinn 29. júní s.l. Hefur hann óskað úrskurðar sakadóms um þá ákvörðun.

Mál þetta er enn á rannsóknarstigi, en með vísan til gagna málsins, framburða vitna og magns þeirra „reducerandi“ efna, sem mældust í blóðsýnishorni, merktu 333, úrskurðast hér með, sbr. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaganna nr. 40/1968, að fyrrgreind ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík frá 29. júní s.l. um ökuleyfissviptingu Harðar Ólafssonar til bráðabirgða skuli óbreytt standa.

Ályktarorð:

Bráðabirgðaökuleyfissvipting Harðar Ólafssonar, Álfheimum 56, Reykjavík, gerð af lögreglustjóranum í Reykjavík 29. júní s.l., skal óbreytt standa.

Miðvikudaginn 22. september 1971.

Nr. 129/1971. Landeigendafélag Laxár og Mývatns
gegn
Laxárvirkjun.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og
Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður
Björnsson yfirsakadómar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., c., sbr. e., laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar

með kæru 5. ágúst 1971, sem Hæstarétti barst 10. september 1971. Krefst hann þess, að úrskurði aukadómþings Þingeyjarsýslu, sem kveðinn var upp hinn 18. júní 1971, verði hrundið, að því leyti sem synjað er, að bornar verði fram vitna- og aðiljaspurningar þær, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði, og að Hæstiréttur heimili, að allar þessar spurningar verði bornar fram í málinu. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Umboðsmaður sóknaraðilja fékk vitneskju um uppsögu hins kærða úrskurðar eigi síðar en hinn 21. júlí 1971. Eins og áður segir, var úrskurðurinn kærður hinn 5. ágúst 1971. Kærufrestur samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1962 var þá liðinn. Ber því að vísa kærumáli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 8.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði varnaraðilja, Laxárvirkjun, kr. 8.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 18. júní 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 2. þ. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður upphaflega höfðað f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu með stefnu, birtri 25. júlí 1970, á hendur stjórn Laxárvirkjunar.

Hinn 2. október 1970 var nafni sóknaraðilja breytt, og nefnist hann nú Landeigendafélag Laxár og Mývatns í stað Félags landeigenda á Laxársvæðinu.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að staðfest verði með dómi:

- I. Að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslensk lög og séu óheimilar.
- II. Að lokuvirki þau, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem

útfallskvíslar Laxár renna úr Mývatni, skorti lagastoð og brjóti því í bág við íslensk lög.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 16. marz 1971, í máli þessu er II. dómkröfu stefnanda vísað frá dómi.

Í stefnu hefur stefnandi áskilið sér allan rét til þess að höfða síðar önnur mál til heimtu skaðabótageiðslna vegna tjóns þess, sem Laxárvirkjun hafi þegar valdið landeigendum á Laxársvæðinu, og vegna tjóns, sem hún kynni að valda síðar.

Auk þess krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Með úrskurði, uppkveðnum 4. ágúst 1970, vék hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, úr dómarsæti í máli þessu.

Með bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 26. ágúst 1970, var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma aukadómþingsmál þetta.

Setudómarinn þingaði fyrst í máli þessu hinn 30. september 1970 á Húsavík. Í því þinghaldi kom fram krafa af hálfu stefnanda þess efnis, að setudómarinn viki úr dómarsæti í málinu. Var þeirri kröfu hrundið með úrskurði 5. október 1970. Sá úrskurður var staðfestur af Hæstarétti með dómi hinn 17. nóvember 1970.

Setudómarinn hefur leitazt við að koma á sáttum í máli þessu. Sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr., er Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun lét hanna raforkuver í Laxá. Var það svonefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f. Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun átti hún að verða samtals 54.6 KW að stærð og vinnast í fjórum áföngum. Áætlun var gefin út um virkjun þessa í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráð-

herra bréf með áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra við nefnt erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dags. 16. september 1969. Þar sem umsögn þessi er málinu mjög til glöggvunar, þykir rétt að taka hana hér inn í úrskurðinn í heild sinni:

„Með bréfi, dags. í dag, hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar og athugunar erindi frá stjórn Laxárvirkjunar, sem því barst í dag, ásamt áætlun yfir Gljúfurversvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áætlun sú, sem fylgir bréfi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, er á ensku og nefnist: „Gljúfurver project. Definate project report“ og er gefin út í janúar 1968.

Áætlunin er um virkjun efri hluta fallsins við Brúar í orkuveri með tveimur vélasamstæðum í neðanjarðarstöð, samtals 54,6 MW að stærð, og stíflu, er lyftir vatnsborði árinna við núverandi stíflu um 46 m.

Gert er ráð fyrir því, að síðar megi veita Suðurá, sem nú fellur í Skjálfandafljót, í Kráká og þannig í Laxá, en þau veitumannvirki eru ekki innifalin í áætluninni.

Í bili er ekki áætlunin að framkvæma nema 1. áfanga af fjórum, sem áætlunin er um. Í honum verður engin ný stífla byggð, heldur notuð gamla stíflan í Laxá I og vatnsborð ekki hækkað frá því, sem nú er. Sett verður aðeins ein vélasamstæða. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera vatnsgöngin nægilega víð, til þess að þau geti tekið vatn að báðum vélum, ef Suðurá verður síðar veitt í Laxá. Ennfremur að gera vélasamstæðuna þannig úr garði, að hún geti einnig unnið við 84 m fallhæð, en það verður fallhæðin, ef vatnsborð er síðar hækkað um 46 m alls. Vélasamstæðan verður gerð fyrir 24 MW við 84 m fall, en í fyrsta áfanga verður afl hennar aðeins um 7 MW. Loks er og innifalið í þessum áfanga að sprengja í bergið fyrir fullri stærð vélasalarins.

Annar áfangi, er síðar kæmi, er bygging stíflu, sem lyftir vatnsborðinu 21 m og eykur fallhæðina upp í 59,5 m. Þá mun vélasamstæðan geta látið í té 14,7 MW. Í fylgiskjali með áætluninni er gert ráð fyrir, að þessari stíflugerð þurfi að vera lokið haustið 1974 til þess að mæta vaxandi álagi á núverandi Laxárvæði, en ári fyrr, ef Norðurland vestra og Austurland eru tengd við Laxárvirkjunarsvæðið.

Þriðji áfangi er, samkv. áætluninni, hækkan stíflunnar, svo að fallhæð verði alls 84 m, og getur fyrri vélin þá skilað 24 MW

að afli. Á fyrrnefndu fylgiskjali áætlunarinnar er ráðgert, að sú hækkun þurfi að vera framkvæmd fyrir haustið 1984 fyrir núverandi Laxársvæði eitt, en tveim árum fyrr, ef áðurnefnd orkusvæði vestan og austan bætast við.

Fjórði áfangi er samkvæmt áætluninni að setja seinni vélasamstæðuna, og fer þá afl stöðvarinnar upp í 54,6 MW, eins og áður er sagt.

Ef stíflan væri ekki hækkuð fram yfir það, sem ráðgert er í 2. áfanga, og fallhæðin þá 59,5 m, myndu tvær vélasamstæður með sömu vatnsnotkun láta samtals í té 35 MW að afli til.

Svo sem Orkustofnunin hefur áður látið í ljósi, fær hún ekki annað séð en að sú virkjun, sem framangreind áætlun frá janúar 1968 um Gljúfurversvirkjun, 54,6 MW, fallhæð 84 m, fjallar um, ásamt viðbótarveitu vatns í Laxá úr Suðurá, sem ekki er innifalin í áætluninni, en bent er á í greinargerð um hana, sé hin hagkvæmasta tilhögun virkjunar efri hluta fallsins við Brúar, sem komið verður auga á eftir mjög ítarlegar rannsóknir, sem staðið hafa yfir með nokkrum hléum í meir en einn tug ára.

Andmæli gegn framkvæmd Gljúfurversvirkjunarinnar hafa komið fram frá íbúum S.-Þingeyjarsýslu, byggð á ótta um, að hún geti haft fjölþætt skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og náttúruferu í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sum af þeim rökum, sem andmælin eru byggð á, eru augljóslega byggð á misskilningi, önnur gefa tilefni til að láta nánari athuganir fara fram. Með andmælunum hefur þó ekkert sérstakt komið fram, sem athygli hafði ekki áður borizt að við rannsókn og áætlanagerð að virkjuninni. Vísast í því sambandi til áætlanna og greinargerða með þeim, sérstakrar greinargerðar Laxárvirkjunarstjórnar, sem birzt hefur í dagblöðum höfuðstaðarins, og nefndarálits þeirrar þriggja manna nefndar (Haukur Tómasson, jarðfr., Sigurður Thoroddsen, verkfr., og Sigurjón Rist, forstm. vatnamælinga ríkisins), sem raforkumálastjóri skipaði 26. 6. 1964 til „að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og næsta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni“.

Í heildarkostnaðaráætlunum þeim, sem nú liggja fyrir, er í áætlunarliðum, er nefnast ýmislegt og ófyrirséð, gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af bótum fyrir skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og af ráðstöfun til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúruferu. Að dómi Orkustofnunar eru ekki líkur fyrir, að fullnaðarathuganir á þessum atriðum og nánari útreikningar á

kostnaði þeim, er hér getur orðið um að ræða, muni hagga þeirri niðurstöðu rannsókna og áætlunargerða, sem til þessa hafa farið fram, að hin áætlaða Gljúfurversvirkjun sé hin hagkvæmasta virkjunartilhögun umrædds falls í Laxá.

Núgildandi lög um Laxárvirkjun heimila ráðherra að veita Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá (sbr. 4. og 5. gr. laganna). Þessi heimild nægir til leyfisveitingar að fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem ekki verður nema um 7.000 KW að afli. Áður en leyfi er veitt fyrir næsta áfanga, myndi hins vegar þurfa að fá Laxárvirkjunarlögum breytt á Alþingi.

Tíminn, sem líður, þar til hefjast þarf handa um annan áfanga, veitir tómt til að athuga nánar þau atriði, sem fram hafa verið færð sem rök gegn fyrirhugaðri tilhögun Gljúfurversvirkjunar. Og raunar líður þó enn lengri tími, sem nota má til þeirra athugana, áður en stífla yrði hækkuð í fulla hæð og ráðist í veitu Suðurár.

Hins vegar er svo miklu eftir að seilast, hvað hagkvæmni í virkjun snertir, að vænta má, að stjórn Laxárvirkjunar muni telja rétt að taka áhættuna af því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir fullvirkjun, þótt óvíst sé um niðurstöður umræddra athugana og leyfi ekki fengið fyrir fullvirkjun.

Leyfi það, er veitt var með bréfi ráðherra til stjórnar Laxárvirkjunarinnar, dags. 27. apr. 1967, var, svo sem að er vikið að framan, takmarkað við allt að 12.000 kílówatta stærð samkv. núgildandi lögum um Laxárvirkjun, og fyrsti virkjunaráfanginn, sem nú á að koma til framkvæmda, er að afli innan þeirra marka.

Með vísun til framanritaðs vill Orkustofnun mæla með því, að ráðherra veiti Laxárvirkjun leyfi til að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar samkvæmt framangreindri áætlun frá janúar 1968 með þeim fyrirvara, er leiðir af framanskráðu og samkvæmur er eðli málsins“.

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í þessu bréfi atvinnumálaráðneysisins segir m. a. svo:

„Í 4. gr. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12 þúsund KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunarinnar,

sem nemur um 7 þúsund KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14.7 þúsund KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7 þúsund KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“.

Hinar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ollu miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxárvæðinu. Finnst sóknaraðiljum stjórn Laxárvirkjunar hafa oftast farið fram af miklu tillitsleysi og hörku gagnvart landeigendum á Laxárvæðinu. Stofnuðu þessir aðiljar með sér félagsskap, Félag landeigenda á Laxárvæðinu.

Svo sem áður getur, var nafni félags þessa breytt í Landeigendafélag Laxár og Mývatns hinn 2. október 1970. Samþykktir fyrir samfélagsskap voru þó eigi lagðar fram í máli þessu fyrr en 2. júní 1971.

Vegna þeirrar andstöðu, sem hin fyrirhugaða virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu átti að mæta meðal landeigenda á Laxárvæðinu, leitaðist iðnaðarráðuneytið við að laða saman mismunandi skoðanir, sem uppi höfðu verið í sambandi við virkjunarframkvæmdir á þessum slóðum. Hafði iðnaðarráðuneytið samráð við stjórn Laxárvirkjunar, sveitarstjórnarmeðlimi, fulltrúa héraðsnefnda Þingeyinga ásamt sýslumanni. Í bréfi, dags. 13. maí 1970, frá iðnaðarráðuneytinu til sjö aðilja, þar á meðal til stjórnar Laxárvirkjunar og til formanns Félags landeigenda á Laxárvæðinu, telur ráðuneytið, að í eftirfarandi yfirlýsingu þess sé fólgið viðunandi samkomulag aðilja, sem framhald málsins geti grundvallast á:

„Svo sem kunnugt er, hefur ráðuneytið með bréfi, dags. 23. september 1969, heimilað stjórn Laxárvirkjunar að hefjast handa um viðbótarvirkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60/1965 um Laxárvirkjun.

Tekur þessi heimild þó aðeins til virkjunarframkvæmda, er veita mundu um 8 MW afl. Lengra nær heimildin ekki.

Ráðuneytið telur vatnsborðshækkun um 20 m, sem kynni að felast í næsta áfanga, innan marka þess, sem unnt yrði að leyfa síðar, en þó verði ekki teknar endanlegar ákvarðanir um neina vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxárvæðinu.

Þessi vatnsborðshækkun skal þó aldrei verða meiri en brýn nauðsyn krefur og framkvæmd vatnsmiðlunar jafnan hagað með fyllsta tilliti til lax- og silungsveiði á veiðisvæðum, sem hún kynni að hafa áhrif á.

Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum umfram þann áfanga, sem þegar er leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sýslunefnd S.-Þing., náttúrufræðistofnunina, veiðimálastofnunina og Félag landeigenda á Laxárvæðinu ásamt stjórn Laxárvirkjunar.

Samkomulag er um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu, og verður hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að virkjunaráform í efri hluta Laxár og Kráká eru ekki á dagskrá.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálafandaflióts við Íshólsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun, eða samtengingu við aðrar orkuveitur“.

Jafnframt þessu telur ráðuneytið æskilegt, að leitað sé samkomulags um viðtækari aðild að virkjun Laxár en nú er, einkum með þátttöku þeirra hreppa, sem málið varðar nánast, og Húsa-víkurkaupstaðar.

Líkast til mundi samkvæmt framangreindu virkjað afl í Laxá allt að 15 MW með stíflu á síðara stigi af þeirri stærð, sem bæði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband sýslunnar

hafa tjáð sig um og talið, að gæti verið við hæfi. Í ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga 1969 segir m. a.:

„Þessvegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastofnun ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatns-hækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri frá því, sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast“.

Í ályktun sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 8. maí 1969, segir m. a.:

„Hins vegar vill sýslunefndin vekja athygli á, að hún telur héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarvirkjun þar, þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar allt að 18 metrum“.

Engu að síður myndi, áður en til þess kæmi, fara fram, svo sem vitnað er til, sérfræðileg rannsókn, sem ákvarðanir yrðu grundvallaðar á.

Svo kynni að reynast í framkvæmd, að virkjunarmannvirki gætu stuðlað að óbeinni og beinni aðsoð við aukna og öruggari fiskirækt í Laxá.

Eigi þarf að óttast, að neins yrði látið ófrestað til eðlilegrar verndar þessa merka og fagra vatnasvæðis, sem öllum ætti að vera jafn hugleikið, og aukið samstarf og vaxandi aðild Þingeyinga, svo sem að er vikið, ætti að stuðla að“.

Þetta álit iðnaðarráðuneytisins reyndist þó ekki hafa við rök að styðjast, þar sem Félag landeigenda á Laxárvæðinu gat eigi sætt sig við þau stjórnarmið, sem þar koma fram. Síðari sátta-tilraunir, sem þetta ráðuneyti hefur beitt sér fyrir í máli þessu, hafa heldur eigi borið árangur.

Hinn 25. maí 1970 gerði stjórn Laxárvirkjunar verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tekur að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá við Brúar. Fjárhæð þessa verksamnings nemur kr. 169.965.020.00. Auk þess er samið við Norðurverk h/f um verk, unnin á tíma-kaupi, að fjárhæð kr. 8.877.000.00. Þá mun Laxárvirkjun sjálf annast smáhluta af verkinu, sem kosta mun á milli 2 til 3 milljónir króna. Þessir verkhlutar kosta því samtals kr. 181.000.000.00. Vélbúnaður o. fl. er samkvæmt kostnaðaryfirliti áætlað, að kosta muni kr. 165.2 milljónir. Samtals mun því kostnaður við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar nema 346.2 milljónum króna. Er þá ekki með talinn kostnaður vegna vaxta á byggingartíma, sem áætli-

aður er um 28 milljónir króna, og ekki heldur undirbúningskostnaður, sem hefur numið um 8.5 milljónum króna. Þá er 60% af samningsupphæð Norðurverks h/f við Laxárvirkjun tryggð gegn breytingum á verðmiðli.

Hinn 18. marz 1971 ritaði setudómarinn lögmanni stefnanda bréf. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Er ég þingaði í máli þessu 30. sept. 1970, afhentuð þér mér handskrifaðan lista með nöfnum 20 manna, er þér hugðust leiða fyrir réttinn til skýrslugjafar. Óska ég þess, að þér sendið mér, sbr. 2. mgr. 133. gr. eml. nr. 85/1936, skriflegar spurningar þær, er þér viljið bera upp, svo sjá megí, hvort menn þessir eru skyldir til að koma fyrir dóm til vitnisburðar, sbr. 4. tl. 125. gr. eml., eða hvort vottorð úr embættisbók eða opinberu skjali nægir eftir atvikum“.

Samkvæmt þessari beiðni setudómara hefur lögmaður stefnanda lagt fram skriflegar spurningar í máli þessu. Eru spurningar þessar dags. 31. marz og 1. maí 1971.

Af hálfu stefnda hafa komið fram andmæli gegn þeim spurn-ingum, er stefnandi hyggst bera upp.

Hinn 2. júní 1971 fór fram munnlegur málf lutningur í máli þessu út af þessum ágreiningi. Að loknum þeim málf lutningi var þetta ágreiningsefni tekið til úrskurðar í málinu.

Þær spurningar, sem lögmaður stefnanda óskar, að Jakob Gíslason orkumálastjóri svari, eru þessar:

„a) Í bréfi Orkustofnunar til Atvinnumálaráðuneytis, dags. 16. sept. 1969, virðist einungis koma fram mat á hagkvæmni Gljúfurversvirkjunar skoðaðrar í heild. Þess vegna spyr ég: Er í bréfi þessu einungis tekin afstaða til hagkvæmni Gljúfurversvirkjunar að viðbætti Suðurárveitu? Er í bréfinu tekin nokkur afstaða til hagkvæmni 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar eins út af fyrir sig?

b) Samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967 sendir ráðherra Orku-stofnun kostnaðar- og rekstraráætlun fyrirhugaðs raforkuvers til umsagnar. Þess vegna spyr ég: Var kostnaðar- og rekstraráætlun 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar send Orkustofnun? Ef hún var send, getur orkumálastjóri þá útvegað hana til að leggja fram í málinu, sbr. 6. gr. laga nr. 58/1967.

c) Samkvæmt greinargerð Karls Ragnars, yfirmanns Jarðhita-deildar Orkustofnunar, dags. 13. marz s.l., segir, að yrði sett ný aflvél í stað þeirrar gömlu, mætti auka afköst gufuafllsstöðvar-

innar í Bjarnaflagi úr 2,4 megawöttum upp í 7,7 megawött. Karl Ragnars segir enn fremur, að byggingartími rafstöðvar af þessari gerð sé að verulegu leyti háður afgreiðslufresti á vélasamstæðunni, en hann sé 1 til 2 ár.

Þess vegna spyr ég orkumálastjóra: Hvers vegna hefur orkumálastjóri ekki mælt með þessari lausn á raforkumálum Norðurlands, úr því að sérfræðingar stofnunar hans telja hana bæði skjótvirka og ódýra?

e) Í skýrslu Sveins S. Einarssonar verkfræðings til raforkumálastjóra í júní 1967 segir: „Talið er varlega áætlað, að úr Námafjallssvæðinu megi vinna 7.000—10.000 MW ára orku, eða sem svarar 70—100 MW í 100 ár“.

Ennfremur segir: „Orkukostnaður minni jarðgufuafllstöðvanna er sambærilegur við orkukostnað hagstæðustu stórvirkjana vatnsafls, en fyrir stærri stöðvarnar er hann mun lægri, og mun vandfundin nokkur önnur tegund aflstöðva, er hefur sambærilegan orkukostnað.“

Jarðgufuafllstöð af þessum gerðum væri hægt að byggja á rúmum 2 árum frá því, að boranir hefjast. Væru boranir hafnar við Námafjall sumarið og haustið 1967, gæti stöðin verið tilbúin til notkunar haustið 1969.

Auk þess sem jarðgufuafllstöðvar eru svo ódýrar í byggingu og hafa svo lágan orkukostnað, sem sýnt hefur verið í töflunum að framan, hafa þær aðra rekstursegginleika, sem eru sérlega hagkvæmir, ef um er að ræða orkuvinnslu, þar sem þörf er á stöðugu grunnafla árið um kring, svo sem fyrir orkufrekan iðnað. Má þar nefna óvenjulegt rekstursöryggi (stöðvarnar eru lítt háðar veðurfarstruflunum, frosti o. s. frv.) og möguleika á lengri nýtingartíma mestaafli en hægt er að jafnaði að fá í vatnsaflsstöðvum með viðráðanlegum miðlunarmannvirkjum.

Þá er það ekki síður mikilvægt fyrir Íslendinga, að hægt er að fá svo lágan orkukostnað í litlum stöðum, sem hægt er að byggja að vild í hæfilegum áföngum í samræmi við vöxt hinnar almennu raforkunotkunar“.

Þess vegna spyr ég: Hvers vegna hefur orkumálastjóri ekki fremur mælt með því, að hveraorkan í Bjarnaflagi og við Kröflu sé virkjuð fremur en Laxá, þar sem hveraorkan samkvæmt sérfræðilegu áliti hefur mun lægri orkukostnað, meira rekstursöryggi og hefur ekki í för með sér eyðileggingu á gróðurlendi og fiskræktarmöguleikum? Hvers vegna er þessi leið

ekki farin fremur en sú, sem hefur í för með sér stórkostlegt og afar dýrt eignarnám á verðmætum, sem stjórnarskráin nr. 33/1944 heimilar ekki nema almenningsþörf krefjist þess, en bannar, ef aðrar leiðir án eignarnáms eru fyrir hendi?

f) Í 2. tl. 2. gr. laga nr. 57/1967 segir um hlutverk Orkustofnunar: „Að annast: Yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra; yfirlitsrannsóknir í orkubúskap þjóðarinnar, er miði að því, að unnt sé að tryggja, að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmasta hátt á hverjum tíma“.

Í 4. tl. 2. gr. segir um hlutverk Orkustofnunar: „Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma“.

Ég vil vísa til frekari ákvæða í 2. gr. laga nr. 58/1967 og spyrja um leið: Hvernig hefur Orkustofnun komið hjá því að mæla fremur með hveravirkjum í Bjarnarflagi eða línu norður yfir hálendið, þegar það er hlutverk hennar að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda landsins? Hefur Orkustofnun gert samanburð á hinum ýmsu kostum, sem fyrir hendi hafa verið til að fullnægja orkuþörf Norðurlands? Stafa meðmæli Orkustofnunar með 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar af því, að einungis hafi verið litið á hagkvæmni hennar sem heildar að viðbætti Suðurárveitu?

g) Guðmundur G. Þórarinnsson verkfræðingur hefur reiknað út fyrir Landeigendafélag Laxár og Mývatns til samanburðar annars vegar rafmagnsverð frá 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar og hins vegar frá háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli. Útreikningum Guðmundar má skipta í tvennt, annars vegar með gufuafllsstöðinni í Bjarnarflagi, rekinni sem grunnstöð, og hins vegar með gufuafllsstöðinni, rekinni sem toppstöð.

Niðurstöður Guðmundar eru reistar á forsendum fengnum samkvæmt vitneskju frá Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Orkustofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Landsvirkjun. Notuð er Orkuspá I í álitu Raforkunefndar Norður- og Austurlands frá 1966—1967, þó með nokkurri aukningu á raforkunotkun til kísilgúrvinnslu.

Þessi orkuspá var notuð við áætlanir um virkjun Laxár í S.-Þing. Niðurstöður voru í aðalatriðum, sem hér segir:

1) Gufuafllsstöðin í Bjarnarflagi, rekin sem grunnstöð:

Verð á kílóvattstund frá 1. áfanga 6,5 MW í Laxá, áætluðum
kosta 400 millj. kr. 1,17
Ef áfanginn kostar 500 millj. — 1,42

Frá 50 MW háspennulínu frá Búrfelli, áætlaðri kosta 204
milljónir:

Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 30 aura	kr. 0,66
— — — - — — — — 40 —	— 0,76
— — — - — — — — 50 —	— 0,86
— — — - — — — — 60 —	— 0,97

2) Gufuafsstöðin í Bjarnarflagi, rekin sem toppstöð:

Verð á kílóvattstund frá 1. áfanga í Laxá með sömu forsendum
að öðru leyti.

Ef áfanginn er áætlaður kosta 400 millj.	kr. 0,86
— — - — — 500 —	— 1,05

Frá 50 MW háspennulínu frá Búrfelli.

Ef rafm. inn á línu kostar 30 aura	kr. 0,56
— — — - — — — — 40 —	— 0,65
— — — - — — — — 50 —	— 0,74
— — — - — — — — 60 —	— 0,83

Í tilefni þessara útreikninga vil ég spyrja orkumálastjóra:

Landsvirkjun mun hafa boðið Laxárvirkjun rafmagn til sölu með háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli. Hvenær var þetta boðið og með hvaða kjörum? Hver voru svör Laxárvirkjunar? Telur orkumálastjóri vera verjandi að neita slíku tilboði með hliðsjón af því, að Landsvirkjun hafði í upphaflegum áætlu-
num sínum um orkusölu lagt til, að lína yrði lögð norður, og með hliðsjón af ónytjaðri umframorku Búrfells? Vil ég í þessu efni vitna til ummæla Eiríks Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar, í dagblaðinu „Vísí“ hinn 12. marz 1971.

h) Við Laxá í S.-Þing. er unnið að framkvæmdum við 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar, enda hefur ekki verið veitt virkjunarleyfi til annarra framkvæmda. Í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l. segist Knútur Otterstedt, framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, við útreikning á rafmagnsverði frá þessum 1. áfanga leggja til grund-

vallar 19 MW virkjun, Laxá III svonefnda, sem komið hafi fram í sáttatillögum í Laxárdeilunni. Þess vegna spyr ég orkumálastjóra: Er það ekki að áliti orkumálastjóra óleyfileg forsenda að leggja til grundvallar 19 megawatta virkjun, þegar reikna skal út rafmagnsverð frá 6 megawatta virkjun, og gefa það verð út sem raunhæft verð á rafmagni frá Laxá til neytenda? Ber hér ekki að hafa í huga, að engin fyrirheit hafa af hálfu ráðuneytis verið gefin um frekari virkjanir en þá, sem heimiluð var í 7 megawatta leyfi Atvinnumálaráðuneytisins hinn 23. sept. 1969? Hefur orkumálastjóri fengið rekstrar- og kostnaðaráætlun Laxár III til umsagnar og mælt með henni, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1967? Ef svo er, þá hvenær?

i) Orkumálastjóra vil ég enn fremur spyrja:

Hafði Orkustofnun eða raforkumálastjóri í upphafi umráð yfir hverasvæðinu í Bjarnarflagi, eða hafði þau umráð Jarðhitadeild ríkisins? Voru boranir upphaflega framkvæmdar á vegum þessara aðilja, og höfðu þessir aðiljar upphaflega ráðgert að setja þar upp gufuvirkjun? Hvenær og með hvaða hætti komust þessi mál í hendur Laxárvirkjunar? Var það Laxárvirkjun, sem ein réð því, að yfir 30 ára gamlar vélar voru keyptar í gufuvirkjunina í Bjarnarflagi en ekki nýjar vélar?

j) Á Akureyri eru uppi raddir um það, að framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar og orkumálastjóri hafi ekki alls fyrir löngu verið sammála um, að hagkvæmasta lausnin á raforkumálum Norðurlands væri lína norður yfir hálendið frá Búrfelli. Hafi þessir tveir menn undirritað stutta greinargerð í þessu efni. Þess vegna spyr ég orkumálastjóra: Er þetta satt? Ef svo er, bið ég orkumálastjóra að leggja fram þetta skjal“.

Lögmaður stefnda hefur vegna þessara spurninga bent á, að orkumálastjóri er embættismaður. Vitnaskylda hans sem embættismanns fari að lögum eftir 4. tl. 1. mgr. 125. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Honum sé óskýlt að gefa skýrslu fyrir dómi um atvik, sem gerzt hafi í embætti hans og upplýsa megí með vottorði úr embættisbók eða með opinberu skjali. Raforkumálastjóri hafi gefið orkumálaráðherra ítarlega umsögn um umsókn Laxárvirkjunar um leyfi til 7 MW virkjunar við Brúar í Laxá, dags. 15. september 1969. Umsögnin sé dagsett 16. september 1969. Hún sé opinbert skjal og lögð fram í málinu sem fylgiskjal með leyfi ráðherra, sbr. dskj. nr. 13.

Í umsögn orkumálastjóra komi fram, að áætlunin, sem umsóknin um virkjunarleyfið byggist á, sé um virkjun í efra hluta

fallsins í Laxá við Brúar. Það sé tekið fram, að veita frá Suðurá og mannvirki hennar sé ekki fólgin í áætluninni.

Lögmaður stefnda telur, að allar spurningar lögmanns stefnanda til orkumálastjóra séu þess eðlis, að embættismaður verði ekki krafinn svars við þeim í einkamáli. Þær miði ekki að upplýsingum málavaxta, heldur því einu að vefja málið með þrefi um aðra möguleika til virkjunar á öðrum stöðum og á annan hátt en hagkvæmast er fyrir orkuveitusvæði Laxárvirkjunar.

Um hina einstöku þætti spurninganna til orkumálastjóra hefur lögmaður stefnda sett fram athugasemdir á þessa lund:

Um a. Spurningin í þessum lið um hagkvæmni Gljúfurversvirkjunar að viðbætti Suðurárveitu sé óþörf, Suðurárveita sé ekki í virkjunaráætluninni. Varðandi hagkvæmni fyrsta áfanga Gljúfurversáætlunarinnar út af fyrir sig beri þess að gæta, að samkvæmt lögum nr. 60/1965 sé gert ráð fyrir, að virkjunin sé aukning þeirra aflstöðva Laxárvirkjunar, sem fyrir séu við Brúar, og nýr áfangi falli inn í þá heild, sem fyrir er virkjuð. Telur lögmaður stefnda því, að þessi hluti spurningarinnar sé tilefnislaus og eigi ekki rétt á sér.

Um b. Varðandi þessa spurningu vísar lögmaður stefnda í umsögn sína um a lið hér að ofan um virkjun í áföngum. Hann telur spurninguna og kröfu um framlagningu kostnaðar- og rekstraráætlunar þessa eina áfanga út af fyrir sig ekki eiga rétt á sér.

Um c. Greinargerð Karls Ragnars sé gerð að beiðni stefnda og gefi aðeins tilefni til staðfestingar höfundar á henni fyrir dómi og vættis af hans hálfu, ef ástæða þykir til.

Um e og f. Báðar þessar spurningar telur lögmaður stefnda falla undir ákvæði 3. mgr. 133. gr. einkamálalaganna. Þær beinist að orkumálastjóra persónulega um framkvæmd embættisstarfa hans og gefi í skyn, að hann gangi fram hjá heppilegustu og hagkvæmstu virkjunarmöguleikum. Spurningar þessar eigi því ekki rétt á sér.

Um g. Lögmaður stefnda telur, að orkumálastjóri verði ekki krafinn álits, umsagnar eða skýringar fyrir dómi á álit og athugun, sem verkfræðingur hefur unnið eftir beiðni stefnanda með notkun sem sönnunargagn í málinu fyrir augum. Staða slíks manns sé staða vitnis. Ekki verði orkumálastjóri heldur krafinn um álit eða umsögn um nefnt tilboð opinberra rafmagnsvirkjana um viðskipti sín á milli. Spurningin eigi því heldur ekki rétt á sér.

Um h. Orkumálastjóra sem embættismanni sé óskýlt að láta

í té það álit, sem spurningin krefji af honum. Vitnar lögmaður stefnda einnig til þess, sem hann hefur áður sagt varðandi a og b lið spurninganna hér að ofan.

Um i. Þessa spurningu telur lögmaður stefnda málinu óviðkomandi.

Um j. Þessi spurning og krafa henni samfara falli undir ákvæði 133. gr., 3. mgr., einkamálaálag. Hún byggist á dylgjum um viðræður, sem eigi að hafa farið fram í samtölum orkumálastjóra og framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar og sem séu ósannaðar með öllu.

Niðurstaða dómsins varðandi spurningar til orkumálastjóra, Jakobs Gíslasonar:

Þegar mál þetta var munnlega flutt 2. þ. m. vegna ágreinings út af spurningum, lagði lögmaður stefnda fram fjárhagsáætlanir frá Laxárvirkjun, tímasettar í apríl 1969. Þetta skjal var lagt fram sem rskj. nr. 103. Sagði lögmaður stefnda af því tilefni, að þessar fjárhagsáætlanir hefðu verið sendar raforkumálaráðherra með umsókn um virkjunarleyfi. Hins vegar gat lögmaðurinn ekki upplýst um það, hvort orkumálastjóri hafi haft þessar fjárhagsáætlanir undir höndum, er hann samdi umsögn sína til raforkumálaráðherra, dags. 16. september 1969, sem fjallar um umsókn stjórnar Laxárvirkjunar um leyfi til 7 MW virkjunar við Brúar í Laxá.

Lögmaður stefnanda benti á það við munnlegan flutning málsins, að nauðsynlegt væri, að fyrir lægi, hvaða rekstrar- og kostnaðaráætlanir hafi legið fyrir orkumálastjóra, er hann gaf umsögn sína, til þess að unnt sé að ganga úr skugga um það, hvort umsögnin og þar með leyfið hafi verið byggt á röngum forsendum. Þykir verða að fallast á það með lögmanni stefnanda, að rétt sé að upplýsa, hvaða kostnaðar- og rekstraráætlun orkumálastjóri hafi stuðzt við, er hann gaf umsögn sína til raforkumálaráðherra, dags. 16. september 1969, um fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar.

Varðandi aðrar spurningar sínar til orkumálastjóra hélt lögmaður stefnanda því fram við munnlegan flutning málsins, að sú leið, sem hér hafi verið valin með virkjun í Laxá við Brúar, hafi í för með sér stórkostlegt og afar dýrt eignarnám á verðmætum, sem stjórnarskráin nr. 33/1944 heimili ekki, nema almenningsþörf krefjist þess, en banni, ef aðrar leiðir án eignarnáms séu fyrir hendi.

Íslenzkir dómstólar eru ekki bærir um að endurmeta mat lög-

gjafans á hugtakinu „almenningsþörf“ samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944. Spurningar lögmanns stefnanda, er lúta að öðrum virkjunarmöguleikum en þeim, sem hér er um fjallað, teljast því ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verður orkumálastjóri því ekki krafinn svara við þessum spurningum, sbr. 3. mgr. 133. gr. einkamálalaga nr. 85 23. júní 1936.

Um spurningu h.

Spurning, er lýtur að raforkuverði frá Laxá III, hefur ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Raforkumálastjóra er sem embættismanni óskýlt að láta í té álit, sem spurningar undir þessum lið krefja af honum.

Um i lið spurninganna.

Þessi spurning er máli þessu óviðkomandi og verður þegar af þeirri ástæðu ekki borin upp í máli þessu.

Um j lið spurninganna.

Þessi spurning og krafa henni samfara hafa enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, sbr. 3. mgr. 133. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Spurningar lögmanns stefnanda til Árna Snævarrs, ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneytinu, eru svohljóðandi:

„1) Hvert var það vald, sem Iðnaðarráðuneyti fékk nefnd þeirri, sem ráðuneytið hafði forgöngu um, að skipuð yrði til rannsóknna á Laxár og Mývatnssvæðinu, sumarið 1970. Hvað sagði í skipunarbréfi nefndarmanna? Voru þau öll eins orðuð? Skyldu venjulegar reglur stjórnsluréttar gilda um valdsvið nefndarinnar og það, hvernig ákvarðanir yrðu teknar innan hennar, eða gerði ráðuneytið þar einhverja undantekningu á frá því, sem venjulega gerist um slík stjórnvöld? Er unnt að fá skipunarbréfin lögð fram?

2) Samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967 skulu umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka sendar ráðuneyti raforkumála ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Í leyfi Atvinnuráðuneytis frá 23. september 1969 til virkjunar samkvæmt áætlun um 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar segir, að engin fyrirheit séu gefin um frekari virkjunarframkvæmdir en þá 7 MW virkjun, sem heimiluð er í leyfinu.

Þess vegna fer ég fram á það við hr. Árna Snævarr, að hann láti dómnum í té kostnaðar- og rekstraráætlun fyrir þessa 7 MW virkjun, sem ráðuneytið ætti samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967

að hafa fengið í hendur. Í kostnaðar- og rekstraráætluninni ætti áætlað rafmagnsverð frá virkjuninni að koma fram.

3) Laxárvirkjunarstjórn er nú farin að tala um, að hún sé að reisa raforkuver, er nefnist „Laxá III“. Samkvæmt yfirlýsingu hr. Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l. er „Laxá III“ 19 MW virkjun.

Þess vegna spyr ég ráðuneytisstjórnann: Hefur Iðnaðarráðuneyti veitt virkjunarleyfi til að smíða 19 MW virkjun, er nefnist „Laxá III“? Hefur ráðuneytið fengið í hendur rekstrar- og kostnaðaráætlun þeirrar virkjunar, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1967, og hefur ráðuneytið leitað umsagnar Orkustofnunar um þau gögn?

4) Í bréfi frá hr. Ófeigi Eiríkssyni til hr. Hermóðs Guðmundssonar, dags. 1. febrúar s.l., segir, að á vegum Orkustofnunar og Landsvirkjunar hafi verið unnið að athugun á flutningskostnaði orku til Laxársvæðisins, annars vegar frá Búrfelli, en hins vegar frá Lagarfossvirkjun. Niðurstöður þessara aðila hafi verið þessar um orkuverð:

Laxá III	64—68	aurar	kwst.
Búrfell	105—135	—	—
Lagarfossvirkjun . . .	95—110	—	—

Síðan segir í bréfinu, að nánari upplýsingar um þetta sé að fá hjá Árna Snævarr ráðuneytisstjóra.

Þess vegna spyr ég: Fer hr. Ófeigur Eiríksson hér rétt með? Hafa Orkustofnun og Landsvirkjun unnið að slíkum athugunum? Getur ráðuneytisstjórinn lagt útreikninga þessara aðila fram? Hvaða skýringu er unnt að gefa á þeim mismun, sem kemur fram í ofangreindri tölu um rafmagnsverð frá Lagarfossvirkjun „95—110 aurar kwst.“ og í þeirri tölu, sem kemur fram í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins til Hermóðs Guðmundssonar, dags. 4. febrúar s.l., en þar segir, að verð á hverri kílóvattstund frá Lagarfliótsvirkjun gæti orðið kr. 0,62—0,66 aurar (kílóvattstund) komið til Akureyrar?

5) Í dagblaðinu „Vísí“ segir Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, að Landsvirkjun hafi í upphaflegum áætlunum sínum um orkusölu lagt til, að háspennulína yrði lögð norður yfir hálendið og að Laxárvirkjun gæti hvenær sem er gerzt meðeigandi í Landsvirkjun. Í greininni í „Vísí“ segir enn fremur, að 50 MW lína norður myndi kosta um 200 milljónir króna. Þá segir og, að við núverandi og væntanlegan markað fyrir raforku frá

Landsvirkjun sé ljóst, að allmikil umframorka við Búrfell muni renna óbeizluð til sjávar.

Þess vegna spyr ég: Hefur Iðnaðarráðuneytið reynt nokkuð til að koma á samningum milli Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar um orkusölu? Ef svo er ekki, hvers vegna þá ekki, þegar hafðar eru í huga þær upplýsingar í ofanefndri grein, að rekstur á línunni norður yrði um 25 milljónir á ári, og þyrfti vart að reikna með miklum kostnaði af raforku norður, meðan verið væri að greiða línuna niður, — línu, sem nauðsynleg verður innan fárra ára til samtengingar á raforkusvæðum landsins?“

Athugasemdir lögmanns stefnda við þessum spurningum til Árna Snævarrs eru eftirfarandi:

Um 1. spurningu.

Lögmaður stefnda bendir á, að Félag landeigenda á Laxárvæðinu, núverandi Landeigendafélag Laxár og Mývatns, eigi fulltrúa í nefnd þeirri, sem iðnaðarráðuneytið hafi haft forgöngu um, að skipuð yrði til að undirbúa og skipuleggja sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár. Væntanlega sé skipunarbréf fulltrúans í höndum félagsins. Störf nefndarinnar séu ekki í beinum tengslum við málið. Því virðist spurningarnar ekki varða málið og því ekki eiga rétt á sér, og er spurningunni mótmælt.

Spurning, er lýtur að nefndarskipun á sumrinu 1970 til rannsókna á Laxár- og Mývatnssvæðinu, hefur enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, þar sem beiðzt er dómsúrskurðar um lögmati virkjunarleyfis í Laxá við Brúar frá 23. september 1969. Spurning þessi verður því ekki borin upp í málinu.

Um spurningu nr. 2 bendir lögmaður stefnda á, að samkvæmt lögum nr. 60/1965 sé gert ráð fyrir því, að sú virkjun, allt að 12 MW, sem þar sé leyfð, (virkjunin, sem nú er unnið að, 7 MW, er innan þeirra marka), sé aukning þeirra aflstöðva, sem fyrir eru í Laxá við Brúar og falli inn í þá heild, sem fyrir er virkjuð. Telur lögmaður stefnda spurningu þessa villandi og tilefnislausu og að hún eigi ekki rétt á sér. Þá benti lögmaður stefnda enn fremur á það við munnlegan flutning málsins, að hann hefði lagt fram fjárhagsáætlanir fyrir Gljúfurversvirkjun, sbr. rskj. nr. 103. Þessar fjárhagsáætlanir hafi verið sendar raforkumálaráðherra, áður en virkjunarleyfið frá 23. september 1969 hafi verið veitt.

Af hálfu lögmanns stefnanda var því ekki við munnlegan flutning málsins mótmælt, að fjárhagsáætlanirnar á rskj. nr. 103 hefðu verið sendar raforkumálaráðherra, áður en virkjunarleyfið frá 23. september 1969 var veitt. Af þessum sökum þykir ekki vera

tilefni til þess að bera upp í málinu spurningu lögmanns stefnanda nr. 2 til Árna Snævarrs ráðuneytisstjóra.

Lögmaður stefnda bendir á varðandi spurningu nr. 3, að umsókn til virkjunarleyfis fyrir virkjun, er nefnist Laxá III, hafi verið send til iðnaðarráðuneytisins, dags. 4. maí 1971. Sú umsókn ásamt kostnaðar- og rekstraráætlun hefur nú verið lögð fram í máli þessu. Verður því að fallast á það með lögmanni stefnda, að þessi spurning sé óþörf. Verður þessi spurning því ekki borin fram í málinu.

Lögmaður stefnda hefur haldið því fram, að bæði 4. og 5. spurning til Árna Snævarrs ráðuneytisstjóra eigi ekki rétt á sér í máli þessu.

Rétturinn fellst á það með lögmanni stefnda, að spurningar nr. 4 og 5 til Árna Snævarrs ráðuneytisstjóra hafi enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, sbr. röksemdir dómsins, sem raktar eru hér að framan, þegar fjallað er um spurningar til Jakobs Gíslasonar orkumálastjóra varðandi aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem um ræðir í máli þessu. Spurningar þessar verða því ekki bornar upp í máli þessu við Árna Snævarr ráðuneytisstjóra.

Lögmaður stefnanda óskar, að eftirfarandi spurningum sé beint til Eiríks Briems, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar:

„1) Hefur Landsvirkjun boðið Laxárvirkjun að gerast með-eigandi að Landsvirkjun? Hefur Landsvirkjun jafnframt boðið Laxárvirkjun rafmagn frá Búrfelli? Ef svo er, hvenær var þetta boðið og með hvaða kjörum? Hver voru svör Laxárvirkjunar? Hver er skýringin á því, að þessi leið var ekki farin?

2) Í dagblaðinu „Vísir“ hinn 12. marz s.l. segist blaðið hafa aflað sér þeirrar vitneskju, að háspennulína fyrir flutning á 50 þús. KW frá Búrfelli norður á svæði Laxárvirkjunar mundi kosta um 200 milljónir króna. Þessar upplýsingar eru greindar í frétt, sem segir frá viðtali við Eirík Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar.

Þess vegna spyr ég: Eru þessar upplýsingar fengnar frá Eiríki Briem?

3) Enn fremur segir í Vísisgreininni, að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir og lagt til í áætlunum Landsvirkjunar um orkusölu, að háspennulína sú, sem greint er hér frá, yrði lögð norður.

Þess vegna spyr ég: Er hér rétt með farið? Hvenær var þetta og hvers vegna voru ákvæði um þetta ekki sett í lög um Landsvirkjun?

4) Þá segir í Vísisgreininni, að við núverandi og væntanlegan

markað fyrir raforku frá Landsvirkjun sé ljóst, að allmikil umframorka við Búrfell muni renna óbeizluð til sjávar.

Þess vegna spyr ég: Er hér rétt með farið? Ef svo er, hversu mikil er þessi umframorka?

5) Loks segir í Vísisgreininni, að rekstur línunnar norður yrði 25 milljónir á ári, og þyrfti vart í fyrstu að reikna með miklum kostnaði af raforku norður, meðan verið væri að greiða línuna niður, — línu, sem nauðsynleg verður innan fárra ára til samtengingar raforkusvæða landsins.

Þess vegna spyr ég: Er hér rétt með farið? Hversu miklum kostnaði af raforku norður væri eðlilegt að reikna með? Hvenær nánar tiltekið ætti lína þessi að verða nauðsynleg vegna samtengingar raforkusvæðanna?

6) Hr. Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur hefur gert samanburð á áætluðu raforkuverði frá þeirri 6,5 megawattavirkjun, sem nú er verið að smíða við Laxá í S.-Þingeyjarsýslu, og frá 50 megawatta háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli. Guðmundur gerir ráð fyrir í útreikningum sínum, að virkjunin við Laxá muni kosta um 400 milljónir, en línan norður um 204 milljónir. Hinar ýmsu reiknistærðir, sem ganga inn í útreikningana sem forsendur, eru fengnar samkvæmt upplýsingum frá Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Orkustofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Landsvirkjun. Niðurstöður Guðmundar varðandi 50 megawatta háspennulínu frá Búrfelli eru sem hér segir:

I.

Frá gufuaflsstöð í Bjarnarflagi, rekinni sem grunnstöð:	
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 30 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	kr. 0.66
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 40 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	— 0,76
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 50 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	— 0.86
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 60 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	— 0.97

II.

Gufuaflsstöð í Bjarnarflagi, rekin sem toppstöð:	
Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 30 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	kr. 0.56

Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 40 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	kr. 0.65
Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 50 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	— 0.74
Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 60 aura, þá	
kostar það fyrir norðan	— 0.83

Í tilefni þessara útreikninga vil ég spyrja framkvæmdastjóra Landsvirkjunar: Eru tölurnar, sem Guðmundur telur í útreikningum þessum, hugsanlegar sem verð á rafmagninu frá Búrfelli inn á línu raunhæfar? Hvaða rafmagnsverð telur framkvæmdastjórinn vera líklegt, sérstaklega með hliðsjón af því, sem sagt er, að talsverð umframorka muni ella renna óbeizluð til sjávar, ef ekki verður lögð lína norður?

6) Í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l. segir framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, að verð inn á línu við Búrfell geti hugsanlega orðið 20% ódýrara en kílóvattstundin, komin til Reykjavíkur á 82 aura.

Þess vegna vil ég spyrja: Hefur Knútur Otterstedt leitað álitsstjórnar Landsvirkjunar á hugsanlegu verði á rafmagninu inn á línu við Búrfell? Hefur fullyrðing hans um hugsanlegt rafmagnsverð við Búrfell við rök að styðjast, þegar haft er í huga, að talsverð umframorka streymir óbeizluð til sjávar frá Búrfelli sakir skorts á eftirspurn? Er samburður hans við verðið á rafmagninu komið til Reykjavíkur eðlilegur eða líklegur til að gefa rétta hugmynd um rafmagnsverð frá Búrfellsvirkjun? Hvað er verðið á kílóvattstund til annarra kaupenda á rafmagninu frá Landsvirkjun?“

Lögmaður stefnda hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa við spurningum lögmanns stefnanda til Eiríks Briems, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar:

Við 1. spurningu. Lögmaður stefnda vitnar í bréf Landsvirkjunar til lögmanns stefnanda, dags. 9. september 1970, þar sem upplýst er, að Landsvirkjun hafi ekki haft með höndum áætlanir um virkjanir utan Þjórsársvæðisins og heldur ekki áætlanir um kostnað í þessu sambandi. Mótmælir lögmaður stefnda þessari spurningu sem tilefnislausri.

Um spurningu nr. 2—5, þá heldur stefndi því fram, að þær verði ekki lagðar fyrir forstjóra Landsvirkjunar sem embættismanns, sbr. lög nr. 85/1936, 125. gr., 4. tl.

Um 5. spurningu. Lögmaður stefnda bendir á það, að álitsgerð og samburður Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings um

raforkuverð frá línu yfir hálendið frá Búrfellsvirkjun og hagnýtingu gufuaflostöðvar í Bjarnarflagi hafi verið gerð að beiðni stefnanda. Opinber embættismaður verði ekki krafinn vættis í þessu máli í tilefni af þessum útreikningi. Mótmælir lögmaður stefnda spurningu þessari.

Um spurningu nr. 6, bls. 4, bendir lögmaður stefnda á, að einsett sýnist, að framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar gefi vottorð um þau atriði, sem spurningin fjallar um, samkvæmt 4. tl. 125. gr. laga nr. 85/1936 eða öðru opinberu skjali, áður en forstjóri Landsvirkjunar verði krafinn vættis um atriði á forsendum, sem lögmaður stefnanda byggir spurningu sína á. Mótmælir lögmaður stefnda því spurningunni.

Rétturinn lítur svo á, að ekkert af spurningum þeim, sem lögmaður stefnanda vill beina til Eiríks Briems, forstjóra Landsvirkjunar, geti haft þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Ber því þegar af þeirri ástæðu að synja því, að spurningar þessar verði bornar upp í málinu. Varðandi rökstuðning fyrir þessari synjun vísar rétturinn til röksemda sinna, þar sem fjallað er um aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem hér um ræðir varðandi spurningar þær, er beint var til Jakobs Gíslasonar orkumálastjóra.

Lögmaður stefnanda beinir eftirfarandi spurningum til Knúts Otterstedts, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

„1) Samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967 skulu umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka sendar ráðuneyti raforkumála ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers.

Þess vegna spyr ég: Hver var sú kostnaðar- og rekstraráætlun, sem Laxárvirkjun sendi Atvinnumálaráðuneyti vegna framkvæmda við 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar? Ég bið um að leggja hana fram.

2) Á fskj. 26 í „Greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra“ og á dskj. nr. 9, sem lögmaður Laxárvirkjunar lagði fram í (auka) fógetamáli Þingeyjarsýslu nr. 1/1970, er yfirlit yfir 1. og 2. áfanga Gljúfurversvirkjunar.

Um 1. áfanga segir:

„Upp verður sett ein vélasamstæða 23,9 MW fyrir endanlega fallhæð, 84 m. Hún mun nýta 38 m fall og skila 6,5 MW.“

Um 2. áfanga segir m. a.:

„Hafin verður stíflugerð. Stíflan nái upp í 135 m hæð y. s., og venjulegt vatnsborð verður í 129 m hæð y. s. Samstæðan mun þá nýta 59,5 m fallhæð og skila 14,5 MW.“

Á fskj. nr. 26 í greinargerð Laxárnefndar segir síðan um 3. áfanga:

„Stíflan verður hækkuð í endanlega hæð með venjulegu vatnsborði í 153,5 m hæð y. s. Vélasamstæðan mun nýta 84 m fallhæð og skila 23,9 MW.“

Samkvæmt því, sem hér greinir um virkjunaráætlunina, nemur samanlagt afl 1. og 2. áfanga Gljúfurversvirkjunar 6,5 MW, sem er 1. áfangi, með aukningu afls í 2. áfanga, þannig að aflið fari upp í 14,5 MW. Með stíflu 2. áfanga er fallhæðin aukin um $59,5 \text{ m} \div 38 \text{ m} = 21,5$ metra. Í áætluninni um 2. áfanga er gert ráð fyrir, að stíflan nái með gerð þess áfanga upp í 135 m hæð y. s., en venjulegt vatnsborð verði hins vegar um 129 m hæð y. s., eða m. ö. o., gert er ráð fyrir, að stíflan verði um 6 metrum hærri en vatnsborðið.

Í grein í blaðinu „Verkamanninum“ á Akureyri hinn 20. júní 1970, sem nefnist „Lokasvar stjórnar Laxárvirkjunar til Hermóds Guðmundssonar“, segir orðrétt:

„Hið sanna í máli þessu er það, að raforkuverð frá þeirri virkjun, sem nú er ákveðin, er á bilinu 66—76 aurar á kwst. og með um 20 m vatnsborðshækkun fást rúm 19 þús. KW, og verður orkuverðið þá um 40 aurar“.

Þess vegna spyr ég: Hvernig tekst stjórn Laxárvirkjunar í út-reikningum sínum á rafmagnsverði að fá næstum 5 MW meira rafmagn frá öðrum áfanga með um 20 metra vatnsborðshækkun en gert er ráð fyrir í Gljúfurversáætluninni? Er ætlunin að gera það með öðrum vélum eða að leggja niður gömlu virkjanirnar, sem fyrir eru í Laxá?

3) Á sáttafundi í lok nóvember 1970 var lagt fram plagg, sem kallað var „ný áætlun — hönnun — um viðbótarvirkjun í Laxá, Laxá III“.

Á minnisblaði, sem lagt var fram á sáttafundi hinn 23. nóv. 1970, segir m. a. um „Laxá III“:

„Viðbótar afl yrði þá 12 MW, þar með heildar afl Laxárvirkjana, það sem fyrir er: 12 MW + 19 MW, samtals 31 MW“.

Síðan segir:

„Hins vegar er hægt síðar að fá aukið afl, um 19 MW, með því að bæta við vélasamstæðuna í Laxá III. Með því yrði Laxá III í heild 38 MW“.

Í grein, sem Jón Jónasson, Þverá, Laxárdal, reit í dagblaðið „Tímenn“ hinn 6. marz s.l., segir m. a.:

„Á þeim fundi lagði Laxárvirkjunarstjórn fram áætlun, Laxá

III, sem felur í sér uppsetningu tveggja vélasamstæðna, er þurfi 70 m³ af vatni á sek. til að skila fullri orku. Jafnframt á að taka vatn á vélar Laxár I, þar eð hún er á sama falli. Þarf því allt að 90 m³ til að nýta vélar þessar að fullu. Meðalrennsli Laxár er 43 m³ á sek. á virkjunarstað. Til þess að virkjunin fái starfsgrundvöll, þarf því meira en að tvöfalda vatnsmagn árinna.“

Þess vegna spyr ég: Hvernig fer framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar að því að fá samræmi í orð áætlunarinnar um Laxá III og fullyrðingar Jóns Jónassonar, Þverá, Laxárdal?

4) Guðmundur G. Þórarinnsson verkfræðingur hefur gert með útreikningi samanburð á orkuverki á Laxársvæðinu, annars vegar frá 6,5 MW virkjun (Laxá III) og hins vegar frá 50 MW línu yfir hálendið frá Búrfelli. Að upphafi útreikninganna gerir Guðmundur grein fyrir aðferðum sínum og segir m. a.:

„Útreikningar eru að mestu gerðir með rafreikniforskrift Orkustofnunar. Miðað er við sömu forsendur, þ. e. orkuspá, rennslitölur, orkustuðla o. s. frv., og Orkustofnun hefur notað til ákvörðunar á orkukostnaði fyrir Laxársvæðið frá hlutfallslega stórum orkuöflunarvalkostum. Hinar ýmsu reiknistærðir, sem ganga inn í reikningana sem forsendur, eru fengnar samkvæmt upplýsingum frá Árna Snævarr ráðuneyttisstjóra, Orkustofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Landsvirkjun.“

Við reikningana er tekið tillit til þess, að orkuvinnslugeta (ekki afl) 6,5 MW virkjunar í Laxá nýtist smám saman í samræmi við vöxt orkuþarfar og við reikninga á orkuverði því jafnframt reiknað með vöxtum af þeim hluta fjármagns virkjunarinnar, sem svarar til ónotaðrar vinnslugetu á hverjum tíma. Rafreikniforskriftin tekur tillit til þessa vaxtakostnaðar með því að beita „afvöxtunarreikningi (diskonteringi)“, þ. e. færa kostnað, er til fellur á mismunandi tímum, að sameiginlegum tímapunkti með (því að beita) afvöxtun og fá kostnaðartölurnar á þann hátt sambærilegar og samleggjanlegar.

Forsenda reikninganna er, að orkuþörf á Laxársvæðinu muni á næstu áratugum vaxa samkvæmt Orkuspá I í áliti Raforkunefndar Norður- og Austurlands frá 1966—'67, þó með nokkurri aukningu á raforkunotkun til kísilgúrvinnslu. En orkuspá þessi er í góðu samræmi við orkunotkun í dag. Orkuspáin er greind í þrjá notkunarflokkka“.

Í dagblaðinu „Vísí“ eru hafðar eftir Knúti Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, nokkrar athugasemdir við útreikninga Guðmundar G. Þórarinnssonar. Hann segir þar, að Guðmundur

G. Þórarinnsson hafi gefið sér rangar forsendur til þess að fá „staðreyndirnar“ á sitt band.

Þess vegna vil ég hér byrja á því að spyrja framkvæmdastjórnann, hvort rétt sé eftir honum haft í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l.

a) Fyrsta athugasemd Knúts hljóðar svo í dagblaðinu: „Land-eigendur styðjast við of lága orkuspá fyrir (Laxársvæðið) svæði Laxárvirkjunar. Frestur á framkvæmdum er því óraunhæfur“.

Um þessa athugasemd segir Guðmundur G. Þórarinnsson í gagn-athugasemdum sínum í dagblaðinu „Vísí“ hinn 26. marz 1971:

„Framkvæmdastjórinn telur, að stuðzt sé við of lága orkuspá. Aðdragandi þessara útreikninga var, að sáttasemjari fékk land-eigendafélaginu í hendur tölur um orkuverð frá nokkrum orkuvalkostum. Stuðzt er við sömu orkuspá og lögð var til grundvallar þessum tölum, enda hefur sú orkuspá verið notuð við áætlanir um virkjun í Laxá. Framkvæmdastjórinn hefur hins vegar gert nýja orkuspá með tilliti til tengingar Axarfjarðar og Þistilfjarðar við Laxársvæðið, og er sú spá eðlilega hraðari og væntanlega réttari með tilliti til þessara forsenda.

Orkuspáin hefur hins vegar ekki áhrif á samanburðargildi reikninganna um, hvort hagstæðara orkuverð fáiast með virkjun eða línu. Þess er og að gæta, að spá er jú spá og felur óneitanlega í sér nokkra ónákvæmni. Þannig gæti raunveruleikinn jafnvel fylgt eldri spánni betur“.

Útreikningar Guðmundar G. Þórarinnssonar verða sendir Knúti Otterstedt ásamt spurningum þessum.

Í tilefni ummæla Knúts og Guðmundar vil ég leyfa mér að spyrja Knút:

1) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að sú orkuspá, sem hann notaði og Knútur telur of lága, sé sú sama og notuð var við áætlanir um virkjun Laxár?

2) Er sú orkuspá, sem Knútur Otterstedt telur vera rétta, gerð, eftir að byrjað var á virkjunarframkvæmdum í júní 1970 eða eftir að samningur við verktaka var undirritaður í lok maí 1970 eða eftir að virkjunarleyfið hinn 23. sept. 1969 var veitt? Hefur Knútur gert þesa nýju orkuspá sjálfur eða einhver annar?

3) Er frestur á framkvæmdum við Laxá raunhæfur að áliti Knúts, ef miðað er við þá orkuspá, sem Guðmundur G. Þórarinnsson notar, miðað við hinn 18. marz s.l.?

4) Er hin nýja, hraðari, orkuspá Knúts miðuð við, að Axarfjarðar og Þistilfjarðarsvæðið verði tengt Laxársvæðinu?

5) Hafði, áður en framkvæmdir hófust við virkjunina við Brúar í júní 1970, náðst samkomulag við yfirstjórn raforkumála á Axarfjarðar- og Þistilfjarðarsvæðinu um raforkuverð og sölu-samningar þá verið gerðir um sölu á rafmagni til þessa svæðis?

6) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að það hafi engin áhrif á samanburðargildi útreikninga Guðmundar varðandi orkuverð frá virkjun eða línu norður, hvort notuð er hin hægari orkuspa Guðmundar eða hin hraðari orkuspa Knúts?

b) Önnur athugasemd Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l. hljóðaði svo:

„Reiknað er með verðlagshækkunum við áætlun um byggingu vatnsaflsstöðvarinnar. Kostnaðurinn við lagningu línu frá Búrfelli, 204 milljónir, er hins vegar miðaður við verðlag í ársbyrjun 1970“.

Gagnathugasemd Guðmundar G. Þórarinssonar í dagblaðinu „Vísí“ hinn 26. marz s.l. hljóðar hins vegar svo:

„Útreikningarnir eru gerðir fyrir mismunandi stofnkostnað beggja valkosta og þar enginn dómur lagður á endanlegan stofnkostnað. Á fundinum á Húsavík reiknaði ég hins vegar áætlanir um virkjun og línu til verðgildis í árslok 1972 og þar saman orkuverð frá 400 millj. kr. virkjun og 216 millj. kr. línu“.

Vegna þessa vil ég spyrja: Minnst Knútur Otterstedt þess ekki, að Guðmundur hafi á fundinum á Húsavík notað þær tölur, sem hann nefnir í dagblaðinu „Vísí“ hinn 26. marz? Telur hann tölur þessar geta farið nærri sönnu verði á virkjun og línu í árslok 1972?

c) Þriðja athugasemd Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l. hljóðar svo:

„Eingöngu er stuðzt við áfangann í Laxá, sem unnið er að núna. Stjórn Laxárvirkjunar miðar hins vegar að gerð vatnsaflsvirkjunar í samræmi við sáttatillöguna. — Laxá III getur þá framleitt 19 MW í stað 6.5 MW, sem bændur reikna með, en kostnaðurinn er áætlaður 540 millj. Miðað við 6.000 klukkustunda nýtingartíma árlega yrði því framleiðslan 115 millj. kw-stunda, þ. e. verðið á kílóvattstund um 42 aurar. — Stöðin gæti hins vegar framleitt 155 millj. kwst. með rekstri toppstöðva og 8000 klst. nýtingartíma, sem þýðir, að verðið færi niður í 31 eyri“.

Í leyfi Atvinnumálaráðuneytis til að virkja Laxá með því að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, dags. 23. sept. 1969, segir orðrétt:

„Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun

að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7 þúsund KW aflí í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60/1965 segir orðrétt: „Laxárvirkjun er heimilt að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá við Brúar“.

Í bréfi Iðnaðarráðuneytis, dags. 13. maí 1970, segir orðrétt:

„Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum, umfram þann áfanga, sem þegar hefur verið leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna . . .“.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, vil ég spyrja Knút Otterstedt:

1) Hvernig getur stjórn Laxárvirkjunar reiknað út framleiðsluverð á rafmagni frá þeirri virkjun, sem verið er að reisa, með hliðsjón af því, hversu ódýrt rafmagn 19 megawatta virkjun getur gefið, þegar skýrt er tekið fram í virkjunarleyfi Atvinnu-
málaráðuneytis, að engin fyrirheit séu gefin um leyfi til stærri virkjunar en 12 megawatta samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 60/1965? Hvernig getur stjórn Laxárvirkjunar talið slíka útreikninga vera raunhæft verð á rafmagni frá þeirri virkjun, sem verið er að reisa og ráðuneytið hefur heimilað? Eða hefur verið veitt virkjunarleyfi umfram það, sem lög nr. 60/1965 leyfa?

2) Hvernig getur stjórn Laxárvirkjunar talið vera raunhæft að reikna rafmagnsverð frá þeirri virkjun, sem nú er verið að reisa, miðað við 19 megawatta virkjun, þegar í ráðuneytisbréfinu frá 13. maí 1970 segir afdráttarlaust, að ekki verði virkjað meira en sú 6,5 megawatta virkjun, sem nú er í smíðum, ef niðurstöður rannsókna á vatnasvæði Laxár verða neikvæðar, hvað viðvíkur frekari virkjunarframkvæmdum? Hefur ekki fulltrúi Laxárvirkjunar í nefnd þeirri, sem skal skipuleggja rannsóknirnar, samþykkt í desember 1970, að frekari virkjunarframkvæmdir skuli vera háðar niðurstöðum rannsókna?

d) Fjórða athugasemd Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l. hljóðar svo:

„Reiknað er með, að dieselstöð yrði keyrð á toppinum, ef keypt yrði orka frá Búrfellslínu. Þar er aðeins gert ráð fyrir einum toppi á ári. Hins vegar má búast við, að toppunum fjölgi í fjóra. Ef það yrði gert, þyrfti að framleiða svo mikla orku með dieselstöðvum, að dæmið yrði óraunhæft. Þetta er veigamikil atriði í útreikningunum, þó að það sé kannski óskiljanlegt flestum. Auk þess er í þessu atriði ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á olíu, sem er fyrirsjáanlegt, að verði veruleg í nánustu framtíð“.

Guðmundur G. Þórarinsson segir í gagnathugasemdum sínum um þetta atriði Knúts:

„Það er misskilningur hjá framkvæmdastjóranum, að útreikningarnir geri ráð fyrir að keyra afltoppana af með dieselstöð, ef orka yrði keypt frá Búrfelli.“

Á fundinum á Húsavík skýrði ég það, að útreikningarnir sýna orkuverð á Lavársvæðinu, miðað við mismunandi verð inn á línu við Búrfell.

Þetta var reiknað þannig vegna þess, að verðskrá Landsvirkjunar er í endurskoðun. Jafnframt er verðskránni þannig háttáð, að hentugra yrði fyrir Laxársvæðið að keyra afltoppana af með dísil og láta vatnið renna framhjá Búrfelli á meðan, þótt lína væri til staðar yfir hálendið, sem flutt gæti alla nauðsynlega orku.

Þannig getur niðurstaðan orðið, þegar opinber fyrirtæki skipta sín á milli.

Vera má, að framkv.stj. hafi misskilið þessar skýringar mínar.

Hins vegar gera útreikningarnir ráð fyrir, að afltoppar umfram ástimplað afl virkjana yrðu keyrðir með dísil, ef virkjunin yrði valin, sem og ístruflanir. Hækkandi olíuverð gerir því þann valkost óhagstæðari“.

Vegna þessara ummæla Guðmundar og Knúts leyfi ég mér að spyrja: 1) Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar raunverulega sjálfur nauðsynlegt að keyra afltoppa Laxársvæðisins af með dísilrafstöð, ef háspennulína yrði lögð norður? Telur hann enga von til þess að komast að samningi við Landsvirkjun um verðskrá á rafmagni frá Búrfelli, sem kæmi í veg fyrir slíkt fyrirkomulag, sérstaklega þegar haft er í huga, að næg umframorka er til við Búrfell til að anna einnig afltoppunum á Laxársvæðinu? Hefur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar kunnað viðhorf Landsvirkjunar í þessu efni? 2) Telur framkvæmdastjórinn geta komið til þess, sem gert er ráð fyrir í útreikningum Guðmundar G. Þórar-

inssonar, að afltoppar umfram ástimlað afl þeirrar 6,5 megawatta virkjunar, sem nú er í smíðum, kunni að verða keyrðir af með díselrafstöð, sem og ístruflanir, þannig að sá valkostur (virkjunin) verði óhagstæðari fyrir þá sök?

e) Í fimmtu athugasemd sinni segir Knútur Otterstedt í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l.:

„Í útreikningunum er reiknað með fjórum möguleikum á verði inn á línu við Búrfell, eða 30—60 aurum. Í fyrra verðið á kílówattstund komið til Reykjavíkur 82 aurar. Verðið inn á línu við Búrfell gæti hugsanlega orðið 20% ódýrara. Ekki er raunhæft að reikna með lægra verði en því, þ. e. eitthvað rúml. það, sem landeigendur gefa sér hæst, eða 60—70 aurar“.

Í gagnathugasemdum sínum segir Guðmundur G. Þórarinnsson:

„Orkukaup Reykjavíkurborgar voru óhagstæðari en annarra viðskiptavina Landsvirkjunar. Nýtingartíminn aðeins um 4300 stundir. Reykjavíkurborg á hins vegar 50% í Landsvirkjun, þannig að fyrir hana verða kaupin ekki eins óhagstæð og ella.

Ekki verður séð, hvers vegna skuli fremur miða við Reykjavíkurborg en aðra kaupendur.

Við orkuverð frá 19 MW virkjun miðar framkv.stj. við 6000—8000 klst. nýtingartíma, en þegar kemur að athugun á línunni, telur hann eðlil. að miða við orkuverð, sem fengist með 4300 klst. nýtingartíma. Ekki virðist mér samræmi í því“.

Vegna þessara ummæla Knúts og Guðmundar vil ég leyfa mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

1) Hver er nú nýtingartími Laxársvæðisins? Hvernig rökstyður Knútur Otterstedt þá fullyrðingu sína, að verð inn á línu frá Búrfelli til sölu norðanlands gæti hugsanlega orðið 20% ódýrara en verðið á kílówattstund til Reykjavíkurborgar, 82 aurar, en ekki lægra? Hvers vegna ber framkvæmdastjórinn ekki verðið inn á línu við Búrfell saman við verð á rafmagni frá Landsvirkjun til annarra kaupenda, þar sem nýtingartími er nær þeim tíma, sem hann miðar við?

2) Hver er skýring framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar á því, að hann miðar orkuverð frá 19 megawatta virkjun við Laxá við 6—8000 klst. nýtingartíma, en þegar að línunni frá Búrfelli kemur, þá miðar hann orkuverðið við 4300 klst. nýtingartíma? Eða fer Guðmundur G. Þórarinnsson hér ekki með rétt mál?

f) Í þriðju athugasemd sinni sagði Knútur Otterstedt m. a. í dagblaðinu „Vísí“ hinn 18. marz s.l.:

„Stjórn Laxárvirkjunar miðar hins vegar að gerð vatnsafls-

virksjunar í samræmi við sáttatillöguna. — Laxá III getur þá framleitt 19 MW í stað 6,5 MW, sem bændur reikna með, en kostnaðurinn er áætlaður 540 millj. Miðað við 6000 klukkustunda nýtingartíma árlega, yrði því framleiðslan 115 millj. kw-stunda, þ. e. verðið á kílóvattstund um 42 aurar. Stöðin gæti hins vegar framleitt 155 millj. kwst. með rekstri toppstöðva og 8000 klst. nýtingartíma, sem þýðir, að verðið færi niður í 31 eyri“.

Gagnathugasemd Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings hljóðar svo:

„Við útreikning á orkuverði frá virksjun þarf að taka tillit til þess, að virksjunin getur aðeins selt orku í samræmi við orkuþörf. 400 millj. kr. virksjun, sem fyrstu árin getur aðeins framleitt og selt hluta af því, sem hún mest getur framleitt, framleiðir því eðlilega dýrari orku fyrstu árin en hin síðari, er hún er fullnýtt. Fyrstu árin liggur stór hluti stofnkostnaðar aðgerðalaus í virksjuninni, ef svo má segja. Endanlegt orkuverð er fundið sem meðalverð yfir afskriftatímamann, 40 ár.

Tölur framkvæmdastjórans sýna hins vegar orkuverðið, eftir að fullnýtingu verður náð, sem væntanlega verður ekki fyrr en 1985“.

Vegna þessara ummæla Knúts og Guðmundar vil ég leyfa mér að spyrja Knút Otterstedt:

1) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að tölur Knúts Otterstedts sýni aðeins orkuverðið frá 19 megawatta virksjun við Laxá, eftir að fullnýtingu er náð?

2) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að fullnýtingu þeirrar 19 megawatta virksjunar, sem Knútur Otterstedt miðar útreikninga sína við, verði væntanlega ekki náð fyrr en árið 1985? Hvenær telur framkvæmdastjóri Laxávirksjunar fullnýtingu slíkrar virksjunar verða náð miðað við sína hraðari orkusþá annars vegar og hins vegar miðað við orkusþá Orkustofnunar, sem Guðmundur notar?

3) Í ofangreindum gagnathugasemdum sínum lýsir Guðmundur G. Þórarinsson ákveðinni aðferð við útreikning á orkuverði frá virksjunum. Hann talar um „endanlegt orkuverð“, sem hann segir finnast með því að finna meðalverð yfir afskriftartímamann, 40 ár.

Telur framkvæmdastjóri Laxávirksjunar reikningsaðferð Guðmundar G. Þórarinssonar vera ranga, eða er sú aðferð önnur en Orkustofnunin notar til að finna orkuverð? Er reikningsaðferð Knúts hin rétta og venjulega, þ. e. að taka ekki tillit til þess,

að fyrstu árin getur virkjunin ekki selt nema lítinn hluta af þeirri orku, sem hún getur framleitt?

5) Uppi eru raddir um það á Akureyri, að Knútur Otterstedt og Jakob Gíslason orkumálastjóri hafi saman skrifað undir plagg, þar sem þeir hafi látið í ljós þá skoðun sína, að rétt væri að bíða með Gljúfurversvirkjun, en leggja frekar línu yfir hálandið norður.

Þess vegna spyr ég:

Vill Knútur Otterstedt leggja þetta skjal fram? Hvenær var þetta plagg samið og undirritað? Hvað hefur breytt í viðhorfum til þessara mála síðan?

6) Í útreikningum Guðmundar G. Þórarinssonar er gerður greinarmunur á því, hvort gufuaflostöðin í Bjarnarflagi sé rekin sem grunnstöð eða toppstöð. Um þetta atriði segir í greinargerð Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sem nefnist „Tillögur til lausnar á deilunni um Laxá“ og birtist í dagblöðum í marz s.l.:

„Það kom fram í niðurstöðum Guðmundar G. Þórarinssonar, að Laxárvirkjun gerir í sínum útreikningum ráð fyrir því, að gufuaflostöð hennar í Bjarnarflagi sé rekin sem toppstöð, þ. e. hún sé eins og dísilrafstöðvar, aðeins sett í gang, þegar álagið er mest. Hins vegar munu flestir á einu máli um, að næg gufuorka sé til staðar í borholum gufuvirkjunarinnar og afköst Námaskarðsjarðhitasvæðisins næg til þess að reka miklu stærri gufuvirkjun þarna með verulegu rekstraröryggi. Stjórn Laxárvirkjunar hefur rökstutt þessa rekstrartilhögun gufustöðvarinnar með því, að hún þurfi að kaupa gufu til að framleiða hverja kílóvattstund á verði, sem Jarðvarmadeild ríkisins ákveði. Hún þurfi að kaupa afl þessarar stöðvar með sama hætti og hún væri að kaupa dísilolíu. Þetta telur Landeigendafélag mjög óeðlilegt og þjóðhagslega óhagkvæmt, þar sem það er hreint bókhaldsatriði milli tveggja ríkisstofnana, á hverju verði gufan úr borholunum er keypt. Þjóðhagslega er hagkvæmast, að gufuvirkjunin sé látin ganga allan sólarhringinn, úr því að hún hefur á annað borð verið reist. Rafstöð, sem gengur allan sólarhringinn, er kölluð grunnstöð“.

Vegna þessara orða leyfi ég mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

Hefur Laxárvirkjun freistað þess að komast að hagkvæmari samningum um gufukaup frá Jarðvarmadeild ríkisins, þannig að gufuaflostöðin í Bjarnarflagi geti nýtt alla þá orku, sem streymir úr borholunum, og gengið allan sólarhringinn? Getur Knútur

ekki hugsað sér, að það gæti orðið hagur beggja, Jarðvarmadeildarinnar og Laxárvirkjunar? Hefur Laxárvirkjun freistað þess að fá borholurnar keyptar eða teknar eignarnámi?

7) Hinn 13. marz s.l. sendi Orkustofnun, Jarðhitadeild, frá sér „Greinargerð um gufuafllstöðvar á jarðhitasvæðum“, en greinargerð þessi mun vera samin af hr. Karli Ragnars verkfræðingi, yfirmanni stofnunarinnar.

Hann segir m. a. í greinargerðinni:

„Gufuafllstöðin í Námafjalli framleiðir nú um 2400 KW, og til þess fær hún gufu frá þrem borholum, sem gefa 50 tn/klst. Við þann þrýsting (6,8 kg/cm²), sem aflstöðin vinnur við“.

Karl segir um þá hugmynd að setja nýja aflvél í stað gömlu aflvélarinnar í gufuafllstöðinni:

„Áætlað er, að ný aflvél, sem ynni með eimpéttingu og inn-taksþrýsting gufunnar 4 kg/cm² gæti afkastað 7,7 MW miðað við, að hún fengi gufu frá þeim þrem borholum, sem nú eru notaðar í Námafjalli. Er þá miðað við, að gufumagn sé 20% meira við þrýstinginn 4,0 kg/cm² en 6,8 kg/cm². Samkvæmt þeim mælingum, sem gerar hafa verið á honum (þannig), er hér varlega áætlað, en til marks um það má nefna, að þótt heildarrensli ykist ekkert, eykst gufumyndun um 14% vegna þrýstingsmismunarins“.

„Byggingartími rafstöðvar af þessari gerð er að verulegu leyti háður afgreiðslufresti á vélasamstæðunni, en hann er 1 til 2 ár“.

Vegna þessara ummæla Karls Ragnars vil ég leyfa mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

1) Samkvæmt ofangreindri greinargerð yfirmanns Jarðhitadeildar Orkustofnunar er unnt að auka afl gufuafllstöðvarinnar í Bjarnarflagi úr 2,4 MW upp í 7,7 MW með því að setja nýjar aflvélar. Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar Karl Ragnar fara með rétt mál í þessu efni? Hvers vegna hefur Laxárvirkjun ekki farið þessa leið, ef svo er?

2) Karl Ragnars telur byggingartíma nýrrar gufuafllstöðvar í Bjarnarflagi vera háðan að verulegu leyti afgreiðslufresti á vélasamstæðunni, sem sé 1 til 2 ár. Telur Knútur Otterstedt Karl fara hér með rétt mál, eða telur hann afgreiðslutímann vera lengri? Með hverju rökstyður Knútur þá skoðun sína?

8) Sveinn S. Einarsson verkfræðingur samdi fyrir raforkumálástjóra „Álitsgerð um jarðgufuafllstöðvar með sérstöku tilliti til virkjunar við Námafjall“. Var álitsgerð þessi gefin út í júní 1967.

Á bls. 2 í álitserðinni segir m. a.:

„Línuritið á mynd (7) sýnir samanburð á áætluðum orkukostnaði 5,10 og 15 MW jarðgufuafllstöðva við Námafjall og 22,8 MW vatnsvirkjunar í Gljúfurveri við Laxá í Þingeyjarsýslu.

Orkukostnaður minni jarðgufuafllstöðvanna er sambærilegur við orkukostnað hagstæðustu stórvirkjana vatnsafls, en fyrir stærri stöðvarnar er hann mun lægri, og mun vandfundinn nokkur önnur tegund aflstöðva, er hefur sambærilegan orkukostnað.

Jarðgufuafllstöð af þessum gerðum væri hægt að byggja á rúmum 2 árum frá því, að boranir hefjast. Væru boranir hafnar við Námafjall sumarið og haustið 1967, gæti stöðin verið tilbúin til notkunar haustið 1969.

Auk þessa, sem jarðgufuafllstöðvar eru svo ódýrar í byggingu og hafa svo lágan orkukostnað, sem sýnt hefur verið í töflunum að framan, hafa þær aðra reksturseginnleika, sem eru sérlega hagkvæmir, ef um er að ræða orkuvinnslu, þar sem þörf er á stöðugu grunnafli árið um kring, svo sem fyrir orkufrekan iðnað. Má þar nefna óvenjulegt rekstursöryggi (stöðvarnar eru lítt háðar veðurfarstruflunum, frosti o. s. frv.) og möguleika á lengri nýtingartíma mesta afls en hægt er að jafnaði að fá í vatnsaflstöðvum með viðuráðanlegum miðlunarmannvirkjum.

Þá er það ekki síður mikilvægt fyrir Íslendinga, að hægt er að fá svo lágan orkukostnað í tiltölulega litlum stöðvum, sem hægt er að byggja að vild í hæfilegum áföngum í samræmi við vöxt hinnar almennu raforkunotkunar.

Með jarðgufuafllstöðvum er hægt að nýta orkuforðann í jarðgufusvæðum landsins, en þau eru talin geta staðið undir sambærilegri orkuvinnslu og möguleg eru í öllum virkjanlegum vatnsföllum landsins.

Með tilliti til ákvarðana um raforkuvirkjanir í framtíðinni er því mjög áriðandi, að byggð verði jarðgufuafllstöð hér á landi hið fyrsta, svo reynsla fái af rekstri slíkra stöðva við íslenskar aðstæður“.

Á mynd (7) í álitserðinni er sýnt fram á, að orkukostnaður 5,10 og 15 MW jarðgufuafllstöðva er mun minni en orkukostnaður 22,8 MW virkjunar í Gljúfurveri.

Vegna þessarar álitserðar Sveins S. Einarssonar verkfræðings vil ég leyfa mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

1) Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar fullyrðingar Sveins S. Einarssonar um hinn lága orkukostnað gufuvirkjana fá staðizt? Ef svo er ekki, hvers vegna þá ekki?

2) Sveinn talar um óvenjulegt rekstursöryggi gufuaflostöðva. Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar fullyrðingar Sveins um rekstursöryggið fá staðizt? Ef hann telur ekki vera svo, hvers vegna þá ekki?

3) Sveinn segir, að jarðgufuaflostöð sé unnt að byggja á rúmum 2 árum frá því, að boranir hefjast. Hvað vill framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar segja um þá fullyrðingu Sveins?

4) Hvers vegna varð sú niðurstaðan í stjórn Laxárvirkjunar að taka fremur þann kost að reisa virkjun í Laxá en gufuaflostöð í Námafjalli eða við Kröflu þrátt fyrir fullyrðingar sérfræðinga eins og Sveins S. Einarssonar um lægri orkukostnað gufuaflostöðva?

5) Hvers vegna fór stjórn Laxárvirkjunar fremur þá leið að reisa virkjun í Laxá, sem hefur í för með sér mikil eignaspjöll og nauðungarafhendingu lands og vatnsréttinda, ef slík virkjun verður ekki dæmd brjóta í bág við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944?

9) Gerir stjórn Laxárvirkjunar ráð fyrir skaðabótagreiðslum til eigenda lands og vatnsréttinda sakir spjalla af völdum 1. áfanga Gljúfversvirkjunar, sem nú er í smíðum? Ef svo er, þá hversu miklum? Hefur hún reiknað kostnað inn í rafmagnsverð?

10) Gerir stjórn Laxárvirkjunar ráð fyrir skaðabótagreiðslum til eigenda lands og vatnsréttinda sakir spjalla af völdum 19 megawatta virkjunar þeirrar, sem hún ráðgerir? Ef svo er, þá hversu miklum? Hefur hún reiknað slíkan kostnað inn í áætlað framleiðsluverð rafmagns?

11) Hefur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar trú á, að niðurgönguseiði lax og hoplax komist framhjá virkjunarmannvirkjum eða í gegnum þrýstivatnsgöng og vatnshverfla þeirrar virkjunar, sem nú er í smíðum? Hefur framkvæmdastjórinn kannað þetta mál? Hefur hann verið beðinn að kanna þetta mál? Hvernig rökstyður hann skoðanir sínar í þessu efni? Hefur framkvæmdastjórinn trú á, að niðurgönguseiði og hoplax komist á leið til sjávar fram hjá eða í gegnum þrýstivatnsgöng og vatnshverfla þeirra virkjana, sem þegar hefur verið komið fyrir í farvegi Laxár? "

Lögmaður stefnda bendir á það, að lögmaður stefnanda reki í löngu máli sem forsendur fyrir spurningum sínum efni þeirra álitserða og skrifa, sem hann byggir á. Vitnaspurningar skuli hins vegar vera gagnorðar og skýrar, en vegna málalenginga og útlistana, sem lögmaðurinn hafi að undanfara hvernar spurn-

ingar, reynist þær villandi og veiðandi. Þær séu tilraun til að hefja málið með þrefi um arðsemimöguleika til virkjana á öðrum stöðum og á annan hátt en hagkvæmast er fyrir Laxárvirkjun, aðstöðu hennar og orkuveitusvæði.

Um hingar einstöku spurningar til Knúts Otterstedts framkvæmdastjóra hefur lögmaður stefnda þetta að segja:

Um 1. spurningu.

Lögmaður stefnda bendir á, að samkvæmt lögum nr. 60/1965 sé gert ráð fyrir því, að sú virkjun, allt að 12 MW, sem þar er leyfð, (virkjunin, sem nú er unnið að, 7 MW, er innan þeirra marka), sé aukning þeirra aflstöðva, sem fyrir eru í Laxá við Brúar og falli inn í heild þá, sem fyrir er virkjuð. Telur lögmaður stefnda spurningu þessa því villandi og tilefnislaus, að því er varðar fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, og því eigi spurningin ekki rétt á sér. Enn fremur bendir lögmaður stefnda á það, að hann hafi þegar lagt fram fjárhagsáætlanir frá Laxárvirkjun, sem gerðar séu í apríl 1969, sbr. rskj. nr. 103.

Þar sem lögmaður stefnda hélt því fram við munnlegan flutning málsins, að fjárhagsáætlun þessi hafi verið send raforkumálaráðherra með umsókn um virkjunarleyfi samkvæmt fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, og fjárhagsáætlanir þessar hafa nú verið lagðar fram í málinu, sbr. rskj. nr. 103, hefur spurningu þessari þegar verið svarað.

Um 2. spurningu.

Lögmaður stefnda hefur lýst yfir því, að fyrir þessari spurningu verði gerð grein skriflega. Það sé ekki ágreiningur um þessa spurningu.

Um 3. spurningu.

Lögmaður stefnda vísar til áætlunar um virkjun Laxár III, bls. 6, 2. mgr., sem hann kveðst munu leggja fram í málinu.

Þar sem ágreiningur er ekki um þetta atriði í málinu, kemur það ekki sérstaklega til úrskurðar hér. Hitt er annað mál, að ekki verður séð, að áætlanir um virkjun Laxár III hafi þýðingu fyrir úrslit þessa máls, þar sem deilt er um lögmati þeirra virkjunarframkvæmda, sem nú er unnið að.

Um 4. spurningu hefur lögmaður stefnda það að segja, að Knútur Otterstedt, framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, verði sem opinber embættismaður ekki krafinn vættis í tilefni útreikninga Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings um samanburð á orkuverði frá 6,5 MW virkjun frá Laxá III og 50 MW línu frá

Búrfelli. Og spurningum þar að lútandi er mótmælt af hálfu lögmans stefnda.

Spurningar undir þessum lið þykja ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Um röksemdir fyrir þessari niðurstöðu vísast til þess, sem segir fyrr í úrskurðinum varðandi spurningar til Jakobs Gíslasonar orkumálastjóra, er fjalla um aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem hér um ræðir.

Um 5. spurningu.

Lögmaður stefnda mótmælir þessari spurningu. Hún byggist á dylgjum um viðræður, sem eigi að hafa farið fram í samtölum orkumálastjóra og framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar og séu ósannaðar með öllu. Þessi spurning og krafa hafi því ekki þýðingu fyrir málið, sbr. 3. mgr. 133. gr. einkamálalaga.

Spurning þessi og kröfugerð varðandi hana hefur enga þýðingu fyrir úrslit málsins, og verður hvorugt borið fram í máli þessu.

Um 6. spurningu.

Lögmaður stefnda hefur mótmælt þessari spurningu. Ber að fallast á þau mótmæli, þar sem spurningar þessar teljast þýðingarlausar fyrir úrslit þessa máls. Varðandi röksemdir vísast til þess, sem fyrr getur í úrskurðinum um aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem um ræðir í þessu máli. Þessar spurningar verða því ekki bornar upp í málinu.

Um 7. spurningu.

Lögmaður stefnda hefur bent á það, að greinargerð Karls Ragnars verkfræðings hafi verið unnin að beiðni stefnda. Karl Ragnars hafi gefið yfirlýsingu, dags. 7. apríl 1971, er sýni, að sú ráðstöfun að skipta um aflvél og rafal í gufuafllstöðinni muni taka nokkur ár og auk þess verði að telja þá ráðstöfun óarðbæra. Yfirlýsing þessi hefur verið lögð fram. Spurningum í tilefni af greinargerð Karls Ragnars er mótmælt af hálfu stefnda.

Rétturinn lítur svo á, að spurningar þessar hafi ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verða þær því ekki bornar upp. Um röksemdir fyrir þessari ákvörðun vísast til þess, sem fyrr er sagt í dóminum varðandi spurningar um aðra virkjunarmöguleika en þann, sem um er fjallað í máli þessu.

Um 8. spurningu.

Lögmaður stefnda bendir á það, að jarðgufustöðin í Bjarnarflagi sé byggð sem tilraunastöð. Sveinn S. Einarsson verkfræðingur hafi bent á og ráðlagt kaup á þeirri vél, sem þar er notuð. Gufuvirkjunin hafi ekki þótt henta og eigi verið unnt að reka hana á hagkvæman hátt. Athugasemdir Sveins S. Einarssonar

verkfræðings gefi því ekki tilefni til þeirrar yfirheyrslu yfir framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, sem lögmaður stefnanda hyggist stofna til með spurningum undir þessum tölulið. Af þeim sökum mótmælir lögmaður stefnda þessum spurningum.

Rétturinn lítur svo á, að spurningar undir þessum tölulið varðandi aðra virkjunarmöguleika en þann, sem um er fjallað í máli þessu, hafi ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verða þær því ekki bornar upp í málinu. Um röksemdir fyrir þessari ákvörðun vísast til þess, sem fyrr segir í úrskurðinum varðandi spurningar um aðra virkjunarmöguleika en þann, sem hér er um fjallað.

Um spurningar 9, 10 og 11.

Af hálfu stefnda hefur þessum spurningum ekki verið andmælt. Spurningar 9 og 11 geta haft þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verða þær því bornar upp fyrir framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar.

Að því er varðar spurningu nr. 10, þá snýst hún um 19 MW virkjun, sem stjórn Laxárvirkjunar ráðgerir. Í þessu máli er ekki fjallað um slíka virkjun. Spurningar undir þessum tölulið hafa því ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls og verða því ekki bornar upp.

Niðurstaðan í þessum þætti málsins verður því þessi:

Rétt er, að upplýst sé í málinu, hvaða kostnaðar- og rekstraráætlun orkumálastjóri hafi haft undir höndum, er hann gaf atvinnumálaráðuneytinu umsögn sína um virkjun þessa, dags. 16. september 1969.

Rétt er, að leitað sé svara hjá Knúti Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, við spurningum þeim, sem upp eru bornar undir tölulið 9 og 11 í spurningalistanum til hans á rskj. nr. 84.

Aðrar spurningar úr spurningalistunum á rskj. nr. 82 og 84 en að framan getur verða ekki bornar upp í máli þessu.

Hinn 2. júní 1971 lagði lögmaður stefnanda m. a. fram eftirfarandi réttarskjöl: nr. 90, 91, 92 og 98.

Rskj. nr. 90 eru tillögur til lausnar á deilunni um Laxá frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns, dags. 16. marz 1971. Tillögur þessar, sem eru fimm vélritaðar síður, voru gefnar út að loknum viðræðum, sem fram fóru á Húsavík að tilhlutan iðnaðarmálaráðuneytisins milli Laxárvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns, og voru þær ætlaðar til birtingar fyrir almenningi.

Á rskj. nr. 91 er fjallað um tryggingar, sem virkjunaraðiljar

skulu setja. Skjal þetta er komið frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns og er 7 foliosíður.

Rskj. nr. 92 hefur að geyma útdrætti úr nokkrum norrænum dómum, er lögmaður stefnanda telur, að varpa kunni ljósi á Laxármálið. Réttarskjal þetta er 7½ vélrituð foliosíða.

Rskj. nr. 98 er útdráttur úr nokkrum dómum Hæstaréttar Íslands um lögbann, skipulag og stjórnarsýslu, er lögmaður stefnanda telur, að skipta kunni máli hér. Réttarskjal þetta er um 9 vélritaðar síður.

Samtals eru þessi réttarskjöl því um það bil 29 vélritaðar blaðsíður.

Við munnlegan flutning þessa þáttar málsins mótmælti lögmaður stefnda rskj. nr. 90, 91, 92 og 98 sem skriflegum málf lutningi, er ekki væri viðeigandi í þessu máli.

Það er að vísu rétt hjá lögmanni stefnda, að skjöl þessi hafa að geyma skriflegan málf lutning. En þar sem Hæstiréttur Íslands hefur með dómi sínum frá 16. marz 1971 í þessu máli heimilað lögmanni stefnanda að leggja fram skjöl, „sem fela í sér nokkurn skriflegan málf lutning og varða að hluta eigi sakarefnið“, ber setudómaranum að hlýða þeirri ákvörðun Hæstaréttar Íslands.

Af hálfu aðilja hefur eigi verið krafizt málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Þingeyjarsýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Rétt er, að upplýsti sé í máli þessu, hvaða kostnaðar- og rekstraráætlun Jakob Gíslason orkumálastjóri hafi haft undir höndum, er hann gaf atvinnumálaráðuneytinu umsögn sína um Gljúfurversvirkjun, sem dagsett er 16. september 1969, sbr. rskj. nr. 13.

Rétt er, að leitað sé svara hjá Knúti Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, við spurningum nr. 9 og 11 á rskj. nr. 84.

Að öðru leyti en nú hefur verið getið verða spurningarnar á rskj. nr. 82 og 84 ekki bornar upp í máli þessu.